



## 22. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 31. ágúst 2001.

Dagskrá:

1. Markaðssetning RSÍ.
2. Orlofshúsin.
3. Trúnaðamannaráðstefna RSÍ 2001.
4. Kynnisferð ASÍ til Brussel.
5. Endurnýjun Ákvæðisvinnutaxta.
6. Á RSÍ að taka að sér rekstur Tækniskóla Íslands?
7. Önnur mál.

### 1. Á að markaðsetja RSÍ?

Ólöf Árnadóttir frá P&O auglýsingastofu kynnti hugmyndir að auglýsingum sem RSÍ gæti notað til að vekja athygli á starfsemi sinni, og minna á að innan RSÍ er lögð áhersla á margt annað en beina kjarabaráttu.

Í framhaldi af þessu kom fram að nauðsynlegt er að fara í kostnaðarsama endurnýjun á heimasíðu RSÍ. Þarfagreining stendur yfir og unnið er að kostnaðaráætlun. Í þessu sambandi kom fram að verið sé að uppfæra alla samninga sem í gildi eru hjá RSÍ þannig að hægt sé að gefa þá út í heildstæðri mynd á heimasíðu.

### 2. Orlofsmál

Orlofsnefnd lagði til verðbreytingar á leigu orlofshúsa og íbúða frá og með 1. janúar 2002 í samræmi við verðlagsþróun.

Nokkrar umræður urðu um rafmagnsmál fellihýsanna í Básum, eitthvað hefur verið um að fólk hafi komið að þeim gjörsamlega rafmagnslausum. Rafmagnsframleiðsla sem er hægt að hafa við húsin dugar ekki við stöðuga notkun ljósa og hitunartækja, og ekki er auðvelt að breyta því, við verðum að brýna fyrir fólki að fara sparlega með á þessum stað og virða þá sem á eftir þeim koma. Þá kom fram ósk um að sett verði upp þvottaplan við tjaldvæðið á Apavatni.

### 3. Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2001.

Samþykkt að Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2001 verði haldin í Reykjavík 3. nóvember.

### 4. Kynnisferð ASÍ til Brussel

Árleg kynningarferð ASÍ til Evrópusambandsins í Brussel verður í byrjun október. Átta menn fara nú á vegum RSÍ og aðildarféлага.

### 5. Endurnýjun ákvæðisvinnutaxta

Ákvæðisvinnutaxtinn hefur verið endurnýjaður og er hægt að nálgast hann á heimasíðu RSÍ.

### 6. Á RSÍ að taka þátt í rekstri Tækniskóla Íslands?

Fram kom að til tals hefur komið að Rafiðnaðarskólinn komi að rekstri Tækniskóla Íslands.

### 7. Önnur mál

Verðskrá yfir nokkur námskeið Rafiðnaðarskólans var rædd. Auk þess hvort hægt sé að koma í veg fyrir að fagnámskeið verði felld

niður þó að lítil bókun sé á þau.

Samþykkt var að kalla fulltrúa skólans á okkar fund og fara yfir málið.

Haukur Ágústsson ritari RSÍ.